



# Ársskýrsla 2012

---

## Efnisyfirlit

Yfirlit ársins.....	2
Gróðursetningar og aðrar framkæmdir.....	3
Starfsmannamál og aðstaða.....	5
Fræðsla, fundir og ráðstefnur.....	6
Önnur mál.....	6
Skógarganga að vori.....	7

## Yfirlit ársins.

Tólfta starfsár Skjólsskóga á Vestfjörðum verður í minnum haft sem eitt umfangs-minnsta í sögu verkefnisins. Á árinu voru Skjólsskógar lausir frá plöntukaupasamningum frá 2007 en þurftu að gera upp neikvæðan höfuðstól sem hafði safnast upp undanfarin ár og nam í ársbyrjun 2012 4,4 milljónum króna.

Fjárveiting á fjárlögum 2012 var 40 milljónir en af framangreindri ástæðu voru aðeins 35,5 milljónir til reksturs og framkvæmda á árinu. Sem fyrr var beitt ströngu aðhaldi í rekstri og voru báðir starfsmenn verkefnisins í lækkuðu starfshlutfalli all árið, samtals 1,8 stöður.

Engir nýjir samningar voru gerðir við bændur á árinu en kappkostað að sjá til þess að bændur í framkvæmdum gætu fengið plöntur samkvæmt áætlun.

Samdráttur í framkvæmdum hjá skógarbændum er orðinn mikill og vart hægt að líta á verkefnið sem „öflugt“ átak til uppbyggingar nýrrar auðlindar í sveitum Vestfjarða. Ný rannsókn á efnahagslegum áhrifum landshlutaverkefna í skógrækt benda til að ræktun skógarauðlindar skapi um 20,5 ársverk fyrir hverja 1 milljón skógarplantna sem gróðursettar eru. Sé miðað við árið 2005 (þegar framkvæmdir voru mestar) má segja að það ár hafi orðið til 7,3 ársverk á Vestfjörðum. Árið 2012 er þessi tala hins vegar 4,2 ársverk sem er lækkun um 3,1 ársverk eða 42% (*Lilja Magnúsdóttir – óbirt gögn úr MSc. verkefni*).

Frá upphafi Skjólsskóga hafa (samkvæmt sama viðmiði) orðið til 75 ársverk við skógræktina sjálfa en þegar sá skógur fer að vaxa að því marki að hann fari að skila afurðum þá mun sú tala margfaldaðast.


En nú er botninum vonandi náð í fjárveitingum og starfi og vonandi verður ekki frekar töf á uppbyggingu skógarauðlindar.

Þann 1. September urðu nokkrar breytingar á Stjórnarráði Íslands og í því fólst m.a. að landshluta-verkefni í skógrækt (LHV) færðust undir nýtt Umhverfis- og auðlinda ráðuneyti og þar með er öll skógrækt í landinu ásamt landgræðslu undir sama ráðuneyti. Skjólsskógar vænta góðs af þessari breytingu enda innan sama ráðuneytis fjöldi fagstofnana sem sýsla með landnotkun og náttúru.

Mannaskipti urðu í stjórn Skjólsskóga á árinu en Viktoría Rán Ólafsdóttir baðst lausnar á haustdögum en hún gengdi stöðu stjórnarformanns frá 1. maí 2011 til 29. október 2012. Viktoríu er færðar hinar bestu þakkir fyrir gott starf að málefnum Skjólsskóga. Umhverfis- og auðlindaráðherra skipaði Lilju Magnúsdóttur stjórnarformann frá sama tíma. Lilja er skógfræðingur og skógarbóndi á Kvíngindisfelli í Tálknafirði. Aðrir stjórnarmenn eru sömu og fyrr; Jóhann Björn Arngrímsson Hólmavík og Þorbergur Hjalti Jónsson Reykjavík.

## Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.

Alls voru gróðursettar 209.573 skógarplöntur sem er litlu meira en árið 2001.



Tegund	2012
Ilmbjörk	61.216
Sitkagreni/S.bast.	37.888
Hvítgreni	9.920
Blágreni	4992
Íslandslerki (Hrymur)	400
Rússalerki	20.033
Evróplerki	5.000
Stafafura	20.000
Bergfura	15.000
Alaskaösp	20.172
Reyniviður	1.295
Selja	10.000
Græn /Sitkaelri	2.000
Gulvíðir / loðvíðir	420
Hreggstaðaviðir	1.220
Ýmsar tegundir	17

Samtals: 209.573



Á bænum Brekku í Dýrafirði er verið að rækta nýjan 25 ha skóg á rýru landi umhverfis gamla skógræktargirðingu.

95 hektara lands bættust á árinu við fullplöntuð skógræktarlönd sem eru nú samtals 1.668 hektarar á starfssvæði Skjólskóga. Til verksins hafa farið 3,7 milljónir plantna.

Sem fyrr segir var fjárveiting til Skjólsskóga á Vestfjörðum fjörutíu milljónir króna en rúmar fjórar milljónir fóru í að greiða upp neikvæðan höfuðstól síðustu ára.

Framlög til skógræktar hjá samningsbundnum skógarbændum námu alls 18.087.963 kr. á móti 25.762.848 kr. árið 2011. Bein framlög til skógarbænda voru 51% af rekstrarkostnaði en 16,5% framlaga (3 milj.) eru eingöngu framlag vegna friðunar - girðingaframlag.

Framlög (18,1 milljón) skiptust á 40 skógarbændur en 31 þeirra voru í skógræktarframkvæmdum á árinu. Ef framlögum er skipt milli sýslna kemur í ljós að liðlega helmingur eða 55% fer á 18 jarðir í Ísafjarðarsýslum, 24% framlaga fara á 9 jarðir í Strandasýslu, 7% á 7 jarðir í Austur-Barðastrandarsýslu og 14% á 6 jarðir í Vestur-Barðastrandarsýslu.

Upphæð framlaga til jarða í skógræktarframkvæmdum er 590 þúsund kr. að meðaltali, en framlög á jarðir sem lokið hafa framkvæmdum eru að jafnaði 40 þúsund kr, mest vegna viðhalds girðinga og lítilsháttar áburðargjafar.

Tíðarfar var fremur hagstætt sumarið 2012 en að sjálfsögðu settu þurrkar hefðbundið strik í reikninginn í júlí. Trjávöxtur var almennt ágætur og framkvæmdir gengu vel á flestum jörðum og allri gróðursetningu var lokið um mánaðarmót júní júlí.

Engir nýjir samningar voru gerðir á árinu og starfsemin miðaðist aðallega við að gróðursetning tækist vel og kostnaður yrði í lágmarki.




Vaskur skógarbóndi á Heimabæ í Arnardal (Skutulsfirði)

## Starfsmannamál og aðstaða.


Undir lok ársins fluttu Skjólस्कógar aðsetur sitt í minna og ódýrara húsnæði og eru nú í 35 m<sup>2</sup> leiguhúsnæði í eigu Verkalýðsfélags Vestfirðinga í Fjarðargötu 2 á Þingeyri.

Starfsmenn Skjólskóga voru tveir allt árið báðir í 90% starfshlutfalli. Vegna sparnaðar var ferðum og akstri haldið í algeru lágmarki.

Á kökurninu hér að neðan má sjá hlutfalls skiptingu viðfangsefna starfsmann í grófum dráttum:



Allur akstur starfsmanna var á fyrirtækisbíl og ekkert á eigin bílum en þrátt fyrir aðhald í ferðalögum nam akstur fyrirtækisbíls 17.121 km. Mjög er mismunandi hvenær mest þöf er á ferðalögum en súluritið hér að neðan gefur vísbendingu um helstu álagstíma ársins hvað það varðar.



## Fræðsla, fundir og ráðstefnur.

Engin grunnnámskeið fyrir skógarbændur voru á árinu enda engir nýjir bændur að hefja skógrækt.

Aðalfundur Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn í Bjarkarlundi sunnudginn 1. júlí

Starfsmenn og stjórnarmenn Skjólskóga sóttu **Fagráðstefnu skógargeirans** á Húsavík 27.-29. mars

Kristján Jónsson sótti tveggja daga námskeið Landbúnaðarháskóla Íslands, **Akurskógrækt**, í Hveragerði 15. og 16. Júní.

Framkvæmdastjóri sótti ráðstefnu á Hallormsstað 11.-14. Sept. **Larix 2012** – *Larch in a warm climate*.

Dagana 5. og 6. október var fjölmennur **aðalfundur Landsamtaka skógareigenda** (LSE) haldinn á Ísafirði með pomp og pragt.

## Önnur mál.

Stefnt var að rannsóknarverkefni um ræktun orkuskóga á árinu í samstarfi við Orkubú Vestfjarða og Nýsköpunarmiðstöð Íslands. Ekki fékkst fjármagn til þeirrar vinnu hjá Orkusjóði en Skjólskógar lögðu engu að síður talsverða vinnu í mælingar á nokkrum víðiklónum á norðanverðum Vestfjörðum

Samstarfsverkefni landshlutaverkefna í skógrækt við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um sérstakt grisjunaráttak fór ekki af stað á árinu eins og að var stefnt af ýmsum ástæðum og óljóst á þessari stundu hvort af því verður.



## Skógarganga að vori.

Formaður Félags skógarbænda á Vestfjörðum Hallfríður Sigurðardóttir viðraði snemma ársins hugmynd um árlegan viðburð; Skógargöngu að vori. Hugmyndin með þessu var að búa til ódýran og einfaldan vettvang fyrir skógarbændur til að hittast og bera saman bækur sínar í skógum hvers annars. Skjólskógar tóku vel í þessa hugmynd og var niðurstaðan að skipuleggja þennan atburð skömmu fyrir sauðburð en væntanlega er þá snjó farið að taka upp svo komast megi um og skoða. Annar tími virðast einfaldlega ekki bjóða upp á að skógarbændur hafi tíma. Annar útgangspunktur var að þetta yrði sem allra fyrirhafnarminns og tæki ekki langan tíma, í mesta lagi 2 klst. með ferðum og kaffihressingu. Einnig var ákveðið að bjóða öðrum áhugasömum nágrönnum í sveitum eða þéttbýli að koma með, enda kjörið tækifæri til að kynna skógræktarverkefnið og þær áherslur og markmið sem skógarbændur stefna að. Niðurstaðan var að stefna að einni slíkri göngu í „hverri sveit“ Vestfjarða í lok apríl. Haft var samband við nokkra skógarbændur og þeir spurðir hvort þeir gætu tekið á móti starfsbræðrum og öðrum gestum úr næsta nágrenni, leiðsagt þeim um skógrækt sína og boðið upp á léttu kaffi hressingu að gönguferð lokinni. Að þessu sinni tókst að bjóða upp á skógargöngu af þessu tagi í Ísafjarðarsýslum, á Ströndum og í Reykhólasveit en ekki vanns tími til þess í Vesturbyggð eða Tálknafirði.

Á jörðinni Sandnesi í Steingrímsfirði buðu hjónin Benedikt Pétursson og Signý Ólafsdóttir upp á gönguferð um nýlegar gróðursetningar í fjölnytjaskógrækt sinni þann 2. Maí (plantað 2006-2011). Að gönguferð lokinni bauð Hallfríður Sigurðardóttir upp á skoðun á skjólbeltum á túnum Svanshóls í Bjarnarfirði og ávaxtatrjárækt í gróðurhúsi á sama stað auk kaffiveitinga.



Daginn eftir bauð Jóna V. Kristjánsdóttir í kaffisopa og skógargöngu í uppvaxandi fjölnytjaskógi í Mýrartungu II (plantað 2002-2006).



Á Tröð í Öfundarfirði buðu hjónin Ásvaldur Magnússon og Helga Dóra Kristjánsdóttir upp á gönguferð um vaxandi hagaskóg og skjólbeltarækt (plantað 2000-2006). Gangan í Tröð var 8. Maí, en eftir þann tíma þótti ekki vænlegt að trufla skógarbændur frekar enda sauðburður í algleymingi.



Alls mættu 42 í skógargöngurnar vorið 2012.